

2. fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Þriðjudagur 30. apríl 2024 kl. 17.00 á Teams.

Mætt

Skúli Vignisson formaður, Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson, Tinna Guðmundsdóttir, Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir.

Vantar:

Dagskrá

1. Minnisblað safnstjóra um rekstrarform safnsins.
 - a. Safnstjórar leggja fram minnisblað um rekstrarform safnsins. Stjórn ræðir um minnisblaðið og samþykkt að senda það ásamt fundargerð til Múlaþings til upplýsingar.
 - b. Stjórn samþykkir tillögu safnstjóra sem hafa skoðað og metið stöðu rekstrarforms safnsins og er niðurstaða þeirra að rekstrarformi safnsins skuli ekki breytt, nema til komi krafa frá hinu opinbera um slíkt, s.s. frá Ríkisskattstjóra eða sveitarfélaginu. Hins vegar sé rétt, að lokinni uppbyggingu á Lónsleiru, að rekstrarformið verði þá aftur tekið til skoðunar eða fyrr telji stjórn þörf á.
2. Kostnaðaráætlun Angró.

Lögð fram kostnaðaráætlun fyrir Angró miðað við ákveðna stöðu sem var í byrjun árs. Ljóst er að aðal- og deiliskipulag verður ekki tilbúið fyrr en seint í haust. Nú er verið að klára arkitektavinnu og í framhaldi munu verkfræðingar hanna sinn hluta.
3. Stofnstyrksumsókn
 - a. Vinna þarf umsókn um stofnstyrk í haust um leið og endanleg kostnaðaráætlun hússins liggur fyrir. Safnstjórum falið að hefja undirbúning að umsókninni með það að markmiði að umsókn fari til ráðuneytisins í haust.
4. Fastur rekstrarstyrkur til 3 ára í ljósi þeirra verkefnið sem safnið stendur í um þessar mundir.
 - a. Hið opinbera. Rætt um stöðu opinberrar fjármögnunar.
 - b. Sveitarfélagið. Rætt um framlag frá sveitarfélaginu.
5. Aðalfundur, tillaga að breyttum tíma.
 - a. Rætt um að hafa aðalfund fyrr en áætlað var, safnstjórum falið að klára að undirbúa gögn og boða fund í samræmi við umræður á fundinum.
6. Önnur mál.
 - a. Kvennasöguping verður haldið dagana 7.-8. júní og í tengslum við það tekur safnið þátt í samstarfsverkefni með Minjasafni Austurlands og Héraðsskjalasafni Austfirðinga þar sem þrjár sýningar undir samheitinu *Konur* verða settar upp.



- b. Safnið var beðið um að halda fyrirlestur í Svíþjóð á ráðstefnu á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar í júní þar sem áhersla er á þá hættu sem geta herjað á menningarminjar og verður þá okkar umfjöllunarefni aurskriðan í desember 2020.
- c. Ingvi Örn Þorsteinsson er að vinna hjá okkur sem grafískur hönnuður
- d. Unnið er nú að því að skipta um þak á miðjuhúsi Vélsmiðjunnar.

Fundi slitið kl. 18.23